

# Á korti Landans

Efni úr sjónvarpsþættinum Landanum er nú aðgengilegt á vefsíðu Ríkisútvarpsins. Á svonefndu [Landakorti](#) er hægt að skoða hvað hefur verið birt frá hverjum stað á landinu.

Sextán atriði tengjast Siglufirði. Meðal annars er fjallað um [skipsflök](#) á botni fjarðarins, [skíðasvæðið](#) í Skarðsdal og [súkkulaðikaffihús](#) og rætt við listakonuna [Aðalheiði Eysteinsdóttur](#).

Eitt eftirminnilegasta atriðið er síðan 2011, þegar meira en aldargamlir [vaxhólkur](#) fundust í heimahúsi við Suðurgötu. Á þeim voru elstu upptökur frá Norðurlandi, meðal annars með rödd séra Bjarna Þorsteinssonar.

Mynd: Af vef Ríkisútvarpsins.

Texti: Jónas Ragnarsson | jr@jr.is.